



Viðmiðunartilboð leigulína grunnnsamningur

Útgáfa 1.0

1. júní 2016

Efnisyfirlit

1.	Um samninginn	2
1.1	Skilgreiningar	2
1.2	Aðilar	2
1.3	Markmið	2
1.4	Viðmiðanir	2
2.	Þjónusta sem fylgin er í samningnum	2
2.1	Þjónusta samningsins	2
2.2	Ábyrgð á þjónustu til viðskiptavina/þjónustugæði/þjónustustig	2
2.3	Tilkynningar vegna bilana	2
2.4	Tæknilegir skilmálar og hæfi	2
3.	Verð og verðbreytingar	3
4.	Reikningar og greiðslur	3
5.	Öryggi neta og tilkynningar	3
6.	Gæði þjónustu	4
7.	Takmörkun	4
8.	Vanefndir	4
8.1	Vanefndir og réttur til úrbóta	4
8.2	Veruleg vanefnd - Riftun	4
8.3	Aftenging búnaðar vegna vanefnda	5
8.4	Skaðabætur	5
9.	Takmörkun ábyrgðar	5
10.	Upplýsingaskylda	5
10.1	Upplýsingaskylda	5
10.2	Tilkynningar til viðskiptavina	5
11.	Höfundarréttarákvæði	5
11.1	Almennt ákvæði	5
11.2	Sérstakt ákvæði	6
12.	Þagnarskylda	6
13.	Greiðslutrygging	6
14.	Framsal réttinda og skyldna til þriðja aðila	6
15.	Endurskoðun	7
16.	Óviðráðanleg atvik	7
17.	Gildistaka, gildistími og uppsögn samnings	7
17.1	Nýr viðsemjandi	7
17.2	Breytingar á samningi vegna nýs viðmiðunartilboðs	7
17.3	Uppsögn samnings	7
18.	Misræmi	7
19.	Fulltrúar aðila	8
20.	Viðaukar	8
21.	Lögsaga og lausn ágreiningsmála	9

1. Um samninginn

1.1 Skilgreiningar

Sjá viðauka 5. Skilgreiningar

1.2 Aðilar

Míla ehf., kt. 460207-1690, Suðurlandsbraut 30, 108 Reykjavík (hér eftir Míla eða þjónustusali) og [nafn fyrirtækis] hf., kt.,[xxxxxx-xxxx] (hér eftir þjónustukaupi) gera með sér svofelldan samning, sbr. 34. gr. laga nr. 81/2003, um fjarskipti, hér eftir nefndur samningurinn.

1.3 Markmið

Meginmarkmiðið með samningnum er að veita, á grundvelli réttmætra og sanngjarnra beiðna fjarskiptafyrirtækja, aðgang að leigulínum og fjarskiptaþjónustu í samræmi við ákvörðun PFS nr. 21/2015 og er lýtur að markaðsgreiningu á heildsölumarkaði fyrir stofnlínuhluta leigulína (markaður 14, skv. eldri tilmælum ESA) og PFS nr. 8/2014 dags 6. maí 2014, markaðsgreiningu á heildsölumarkaði fyrir lúkningarhluta leigulína (markaður 6 skv. tilmælum ESA frá 2008, var áður markaður 13).

1.4 Viðmiðanir

Almennt er miðað við ITU eða ETSI staðla í samningi þessum, nema þar sem annað er tekið sérstaklega fram.

2. Þjónusta sem fólgin er í samningnum

2.1 Þjónusta samningsins

Þjónustu Mílu sem fólgin er í samningi þessum er lýst í viðauka 1

2.2 Ábyrgð á þjónustu til viðskiptavina/þjónustugæði/þjónustustig

Þjónustukaupi ber ábyrgð á þjónustu gagnvart eigin viðskiptavinum, m.a. hvað varðar bilanagreiningu og aðra þjónustu vegna endabúnaðar þeirra. Í þjónustu felst m.a. að viðskiptavinir séu upplýstir um aðgengi að viðkomandi fyrirtæki. Þjónustukaupi innheimtir hjá eigin viðskiptavinum og stendur skil á greiðslum fyrir heildsöluaðgang sinn til Mílu.

2.3 Tilkynningar vegna bilana

Míla tilkynnir um kerfisbilanir í eigin neti. Aðilar skulu ekki vísa til bilana í kerfi gagnaðila sem ástæðu fyrir rofi eða truflunum í eigin neti.

2.4 Tæknilegir skilmálar og hæfi

Fjarskiptabúnaður sem tengist kerfi Mílu, skal vera með viðurkenningu um að uppfylla almenna staðla um fjarskiptabúnað. Tækniskilmálar sem búnaður þarf að uppfylla er samkvæmt viðauka 3.

Mílu er heimilt að krefjast þess að þjónustukaupi leggi fram gögn er staðfesti, að þeir sem eigi að sjá um viðhald og rekstur búnaðar sem getur haft áhrif á fjarskiptabúnað gagnaðila hafi til að bera nauðsynlega tæknilega færni og uppfylli almennar öryggiskröfur.

Nú uppfyllir þjónustukaupi ekki skilyrði skv. 1. -2. mgr. og getur Míla þá hafnað tengingu við búnað þjónustukaupa að öllu leyti eða að hluta.

3. Verð og verðbreytingar

Verðskrá fyrir hverja þjónustu er lýtur að aðgangi að leigulínum er nánar lýst í viðauka 2a og 2b. Verð í samningi þessum og viðaukum eru tilgreind í íslenskum krónum án vsk.

Míla skal tilkynna þjónustukaupa um verðskrárbreytingar með a.m.k. 60 daga fyrirvara frá því Póst- og fjarskiptastofnun hefur samþykkt nýtt verð.

4. Reikningar og greiðslur

Reikningstímabil miðast við almanaksmánuð og er útgáfudagur reikninga í lok næstliðins mánaðar. Virðisaukaskattur skal lagður á reikningsfjárhæðina samkvæmt þeim reglum sem gilda um virðisaukaskatt á hverjum tíma.

Gjaldldagi reikninga er 20 dögum eftir lok reikningstímabils. Eindagi reikninga er að jafnaði 2. dag næsta mánaðar á eftir gjaldldaga. Sé reikningur ekki greiddur á eindaga skal greiða dráttarvexti, eins og þeir eru ákveðnir samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá og með gjaldldaga til greiðsludags.

Ofangreindir skilmálar fylgja breytingum á almennum viðskiptaskilmálum Mílu ehf.

5. Öryggi neta og tilkynningar

Hvor aðili um sig er ábyrgur fyrir öruggri starfsemi nets síns og skal gera allar skynsamlegar og nauðsynlegar ráðstafanir í starfsemi sinni og við framkvæmd þessa samnings til að tryggja að netið muni ekki:

- Stofna öryggi eða heilsu starfsmanna, verktaka, umboðsmanna eða viðskiptamanna hins aðilans í hættu.
- Skemma, trufla eða valda skaða á starfsemi nets þjónustusala eða annarra þjónustukaupa.
- Viðsemjendur skulu hafa samvinnu um greiningu og nauðsynlegar aðgerðir í tilefni af grunsemdum um skaðlegar truflanir á þjónustu þjónustukaupa í fjarskiptaneti Mílu. Samstarfið felur í sér gagnkvæma upplýsingagjöf. Það felur í sér aðgang að mælingum, aðkomu starfsmanna beggja aðila og aðgang að búnaði til þess að meta hættu á hugsanlegum truflunum ásamt öðrum atriðum sem Míla telur að séu nauðsynleg til að minnka líkur á skaðlegum truflunum.

- Hvorugur aðili skal tengja, eða viljandi heimila að tengja net sitt við nokkurt tæki eða búnað sem er ekki samþykktur af hlutaðeigandi yfirvöldum til tengingar við net eða annað sem tækniskilmálar samningsins kveða á um.

6. Gæði þjónustu

Aðilar skulu kappkosta að uppfylla viðmið varðandi dagsetningar og tæknilegar kröfur sem fram koma í samningi þessum.

7. Takmörkun

Mílu er heimilt í neyðartilfellum að rjúfa leigulínu fyrirvaralaust og án þess að tilkynna þjónustukaupa um það ef slíkt reynist nauðsynlegt vegna öryggis fjarskipta og rekstraröryggis.

Míla áskilur sér einnig rétt til þess að rjúfa leigulínu sem veldur skaða eða truflunum í netum annarra þjónustukaupa.

8. Vanefndir

8.1 Vanefndir og réttur til úrbóta

Telji samningsaðili að gagnaðili hafi vanefnt samninginn ber honum að tilkynna það skriflega strax eftir að honum varð eða mátti verða kunnugt um vanefndina.

Samningsaðili, sem hefur vanefnt samninginn, skal bæta úr vanefndinni án tafar og eigi síðar en 30 dögum eftir að tilkynning um vanefnd berst skv. 1. mgr.

Nú verður samningsaðili ekki við skriflegri áskorun um að bæta úr vanefnd innan 30 daga frá því honum berst tilkynning, sbr. 1. og 2. mgr., og telst vanefndin þá veruleg að þeim tíma liðnum og veitir samningsaðila rétt til fyrirvaralausrar riftunar.

8.2 Veruleg vanefnd - Riftun

Hvorum aðila um sig er heimilt að rifta samningnum þegar í stað með skriflegri tilkynningu til gagnaðila:

- a. ef verulega skortir á að gagnaðili standi við skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum.
- b. ef gagnaðili fær heimild til greiðslustöðvunar, leitar eftir eða fær heimild til nauðasamninga eða farið er fram á gjaldprotaskipti á búi hans.
- c. ef gagnaðili hefur ekki getað staðið við skuldbindingar sínar í meira en 2 mánuði, þó slíkt megji rekja til óviðráðanlegra atvika.
- d. ef þjónustukaupi setur upp búnað sem ekki fullnægir tækniskilmálum sem fram koma í samningnum og viðaukum við hann.
- e. ef notkun þjónustukaupa á búnaði er ekki í samræmi við tækniskilmála sem fram koma í samningnum og viðaukum við hann.

- f. Þeim sem riftunarheimild beitir er heimilt að takmarka riftunina við hluta af samningnum.

Vanskil teljast alltaf veruleg ef þau hafa staðið í meira en 45 daga frá gjalddaga.

8.3 Aftenging búnaðar vegna vanefnda

Hafi þjónustukaupi látið niður falla að greiða umsamda leigufjárhæð í 45 daga frá gjalddaga eða lengur er Mílu heimilt að undangenginni aðvörun að láta aftengja eða slökkva á búnaði þjónustukaupa og fjarlægja hann á kostnað þjónustukaupa.

8.4 Skaðabætur

Bótaskylda aðila takmarkast við beint tjón sem gagnaðili hefur orðið fyrir og sem gera má ráð fyrir að sé bein afleiðing af vanefndum, enda megj rekja vanefnd til ásetnings eða stórkostlegrar vanrækslu.

Bótaábyrgð nær ekki til óbeins tjóns gagnaðila, þ.m.t. rekstrartaps, eða tjóns sökum þess að ekki hefur tekist að uppfylla samninga við þriðja aðila að hluta til eða að öllu leyti.

9. Takmörkun ábyrgðar

Míla ber ekki ábyrgð á tjóni sem rekja má til sambandsleysis, rofs á fjarskiptum eð annarra truflana sem kunna að verða á rekstri fjarskiptanetsins hvort sem slíkt má rekja til línubilana, bilana í stöðvum eða annarra ástæðna.

10. Upplýsingaskylda

10.1 Upplýsingaskylda

Hvorum aðila ber að veita gagnaðila aðgang að upplýsingum um tæknileg atriði að því marki sem nauðsynlegt er við framkvæmd samningsins, sbr. nánar í viðaukum samningsins.

10.2 Tilkynningar til viðskiptavina

Þjónustukaupa ber að tilkynna viðskiptavini sínum hvenær viðskipti hefjast formlega og hvenær viðskiptaleg ábyrgð gagnvart honum hefst, og um leið varðandi skilmála, þjónustu, bilanir og kvartanir.

11. Höfundarréttarákvæði

11.1 Almenn ákvæði

Samningur þessi hefur ekki í för með sér neins konar yfirfærslu á höfundarrétti frá einum samningsaðila til annars, nema þar sem ákvæði samnings þessa kveða sérstaklega á um það.

11.2 Sérstakt ákvæði

Ef aðilar hafa í tengslum við framkvæmd samningsins gert sérstakt samkomulag um endurbætur eða frekari þróun tæknilegra lausna eða annars, þar sem annar aðilinn á hugbúnað og réttindi tengd hugbúnaði, skal hin endurbætta eða þróaða lausn verða hluti af hugbúnaðarréttindum þess aðila.

12. Þagnarskylda

Aðilar skuldbinda sig til að ljósra ekki upp trúnaðarupplýsingum sem þeir hafa móttengið frá gagnaðila, þ.m.t. upplýsingum um stjórnunarlegar, fjárhagslegar eða tæknilegar aðstæður gagnaðila, aðrar aðstæður varðandi rekstur, viðskipti eða atriði sem ætla má að teljist trúnaðarupplýsingar, sem halda ber leyndum.

Míla skal tryggja að trúnaðarupplýsingar sem starfsmenn félagsins búa yfir um einstaka viðskiptavini félagsins berist ekki til annarra félaga í fyrirtækjasamstæðu Mílu, að frátöldum þeim deildum sem heimilt er að veita Mílu stoðþjónustu, ef það er nauðsynlegt í beinum tengslum við hlutaðeigandi þjónustu. Míla tryggir að nauðsynlegur trúnaður gildi um þær upplýsingar.

Upplýsingar, sem eru eða ætla má að verði á allra vitorði eða öllum aðgengilegar, teljast ekki trúnaðarupplýsingar, nema slíkt stafi af broti á þessu ákvæði.

Upplýsingar skal aðeins nota í þeim tilgangi sem þær voru fengnar og að því marki sem nauðsynlegt er við framkvæmd samningsins.

Þagnarskyldan kemur ekki í veg fyrir að aðilar veiti ákærvaldi eða öðrum yfirvöldum upplýsingar ef slíkt er skylt lögum samkvæmt.

Þagnarskylda skal gilda í fimm ár eftir að gildistíma samningsins lýkur.

13. Greiðslutrygging

Mílu er heimilt að óska eftir tryggingu frá þjónustukaupa um að staðið verði við skilmála samningsins og viðauka við hann. Verði óskað eftir tryggingu skal hún vera í samræmi við væntanlegt umfang viðskiptanna. Þá er Mílu heimilt að krefjast fullnægjandi trygginga vegna nauðsynlegra fjárfestinga í því skyni að koma til móts við óskir þjónustukaupa um aðgang að leigulínum.

14. Framsal réttinda og skyldna til þriðja aðila

Þjónustukaupa er óheimilt að framselja réttindi og skyldur samkvæmt samningi þessum án skriflegs samþykkis Mílu.

Þó er þjónustukaupa heimilt að framselja réttindi og skyldur samkvæmt samningnum til annarra fyrirtækja í fyrirtækjasamsteypu sem þeir eiga að öllu leyti, svo fremi að viðeigandi leyfi séu framseld til viðtakandi fyrirtækis sem lýsi því yfir skriflega til Mílu að það taki á sig allar skyldur framseljanda samkvæmt samningnum.

15. Endurskoðun

Hvor aðili hefur rétt til að krefjast endurskoðunar á samningnum ef forsendur hafa breyst verulega eða lögum hefur verið breytt með þeim hætti að samningurinn uppfylli ekki þær kröfur sem mælt er fyrir um í lögum.

16. Óviðráðanleg atvik

Ef aðili getur ekki uppfyllt skyldur sínar samkvæmt samningnum vegna óviðráðanlegra atvika falla skuldbindingar hans niður á meðan slíkt ástand varir.

Aðila, sem hyggst nýta sér þetta ákvæði, ber tafarlaust að tilkynna gagnaðilanum um orsök slíkra vandkvæða, svo og hvaða áhrif slík vandkvæði kunna að hafa og hve lengi má búast við að þau vari.

17. Gildistaka, gildistími og uppsögn samnings

17.1 Nýr viðsemjandi

Þegar um er að ræða viðsemjendur sem ekki hafa þegar undirritað samning um aðgang að leigulínum við Mílu tekur tilboðið gildi við undirskrift beggja aðila undir samning þennan. Samningurinn er ótímabundinn en getur tekið breytingum í samræmi við grein 17.2.

17.2 Breytingar á samningi vegna nýs viðmiðunartilboðs

Þegar í gildi er samningur um aðgang að leigulínum á milli Mílu og þjónustukaupa leysir nýtt viðmiðunartilboð um aðgang að leigulínum, sem samþykkt hefur verið af Póst- og fjarskiptastofnun, hinn fyrri af hólmi, án sérstakrar undirskriftar, með fyrirvara um hugsanlegar breytingar að hálfu úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála eða dómstóla.

17.3 Uppsögn samnings

Þjónustukaupi getur sagt samningnum upp með skriflegum hætti með eins mánaðar fyrirvara miðað við mánaðamót.

18. Misræmi

Ef misræmi er á milli samnings og viðauka hans gilda ákvæði þessa samnings.

19. Fulltrúar aðila

Hvor aðili skal tilkynna skriflega hver sé fulltrúi hans vegna samnings þessa. Ef aðili óskar eftir að tilnefna nýja fulltrúa skal hann tilkynna gagnaðila það skriflega.

Allar orðsendingar viðvirkjandi framkvæmd samningsins skulu sendar tilgreindum fulltrúa gagnaðila, nema annars sé getið í samningnum eða fylgiskjölum.

Aðilar hafa tilnefnt eftirtalda menn sem fulltrúa sína:

Míla:

Þjónustukaupi:

20. Viðaukar

Eftirfarandi skjöl eru hluti af þessu samkomulagi:

- Viðauki 1 Vörur og þjónusta
- Viðauki 2a Verðskrá leigulína í stofnlínuhluta
- Viðauki 2b Verðskrá leigulína í lúkningahluta
- Viðauki 3 Tæknilegir eiginleikar og tengiskilmálar leigulína
- Viðauki 4 Gæðaviðmiðunarsamningur (SLA) og gæðatrygging (SLG)
- Viðauki 5 Skilgreiningar

21. Lögsaga og lausn ágreiningsmála

Samningurinn skal lúta íslenskum lögum.

Ef ágreiningur verður milli aðila um gildi, túlkun eða framkvæmd samningsins skulu þeir semja um lausn hans sín á milli, en ella fer um lausn ágreiningsefna að fjarskiptalögum og lögum um Póst- og fjarskiptastofnun á hverjum tíma.

Mál vegna túlkunar á samningsákvæðum sem heyra ekki undir lögsögu Póst og fjarskiptastofnunar skal reka fyrir almennum dómstólum.

Mál út af samningi þessum skal reka fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Reykjavík, xxx 20xx

F.h. Mílu

F.h. [þjónustukaupa]